

REGLUR

um umgengni í Einarsstaðakirkjugarði.

1. gr.

Reglur þessar taka til umgengni í Einarsstaðakirkjugarði.
Kirkjugarðurinn er friðhelgur.

2. gr.

Kirkjugarðsstjórn er í höndum sóknarnefndar Einarsstaðakirkju.

3. gr.

Kirkjugarðsstjórn skal ráða kirkjugarðsvörð eða fela einum úr nefndinni að sinna því starfi.

4. gr.

Kirkjugarðsvörður starfar samkvæmt starfslysingu, veitir upplýsingar um garðinn og leiði, er ábyrgur fyrir umhirðu garðsins og er yfirmaður annarra þeirra sem ráðnir eru til starfa í garðinn, svo sem við umhirðu og grafartöku.

5. gr.

Frágangur leiðis, sáning eða tyrfing er framkvæmd af starfsmönnum kirkjugarðsins.

6. gr.

Uppsetning og frágangur minningarmarka skal unnin í samráði við kirkjugarðsvörð.

7. gr.

Áður en sett er upp minningarmark/legstein, sem er frábrugðið öðrum í garðinum, skal leita samþykkis kirkjugarðsstjórnar. Eigi má reisa legstein sem útheimtir sérstakar undirstöður eða setja upp eða gera grafhýsi eða girðingar af nokkru tagi um einstök leiði eða grafreiti.

Óheimilt er að fjarlægja minnismerki eða aðra varanlega hluti af grafreit án leyfis kirkjugarðsvarðar.

8. gr.

Aðstandendur sem vilja hafa sumarblóm á leiði skulu koma þeim þannig fyrir í pottum að auðvelt sé að hirða garðinn. Gróður sem settur er á leiði má ekki verða hærri en einn metri. Aðstandendum er óheimilt að setja í garðinn tré, runna eða annan gróður sem fjölgar sér með sjálfsáningu eða rótarskotum. Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fjarlægja slíkar jurtir.

9. gr.

Eigi má skilja eftir á leiðum né annars staðar í kirkjugarðinum eða við hann neitt það er óprýðir eða óþrifum veldur. Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fjarlægja allt slíkt úr garðinum. Þetta á einnig við um blómapotta sem ekki er hirt um, gróður sem ekki er í pottum, runna, tré og annað það sem skilið hefur verið eftir í garðinum.

10. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fjarlægja af grafreitum óviðeigandi girðingar og minnismerki í samræmi við 26. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Vandamönnum skal í slíkum tilvikum gert viðvart, sé þess kostur, og haft samráð við sóknarprest.

11. gr.

Skaðabætur skulu eigi koma til rétthafa grafarstæðis ef beita verður ákvæði 10. gr.

Nr. 280

27. febrúar 2018

12. gr.

Sóknarnefnd Einarstaðakirkju ber eigi skaðabótaábyrgð verði umbúnaður grafarstæðis, minningarmarka, gróður eða annað sem á grafarstæði kann að vera, fyrir skemmdum eða ónýtist af völdum náttúrafla eða skemmdarvarga.

13. gr.

Ágreiningi sem upp kann að koma um túlkun þessara reglna má skjóta til úrskurðar kirkjugarðaráðs innan þriggja mánaða frá ákvörðun kirkjugarðsstjórnar.

14. gr.

Reglur þessar eru settar að tillögu sóknarnefndar Einarstaðakirkju samkvæmt heimild í 51. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 27. febrúar 2018.

Sigríður Á. Andersen.

Haukur Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2018